



## Umsögn skipulags.

### Vegna: Flugvellir 1, breyting á stærðlóðar.


Grétar Kristófer Sigbórsson f.h. lóðarhafa sækir 16.12.2022 um 1355 m<sup>2</sup> lóðarstækkun vegna fjölgunar bílastæða til vesturs frá núverandi byggingu væntanlegra höfuðstöðva Icelandair.

Í umsókn segir :

*“Með stækkun þessari er leitast við að taka sem minnst landsvæði undir bílastæði og skerða eins lítið og hægt er núverandi náttúrulega hraunmyndun. Verið er að meta þörfina fyrir enn frekari lóðarstækkun vegna bílastæða- og er verið er að skoða alla möguleika til að uppfylla þarfir um bílastæði samfara verndun núverandi landslags.”*

Fyrir liggur viljayfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar og Icelandair um mögulega stækkun lóðarinnar að Fluvöllum 1 til vestus.

Skoðuð hefur verið stækkun lóðarinnar m.t.t. veghelgunarsvæðis Reykjanesbrautar, og er það mat Vegagerðarinnar að reitur vestan við núverandi lóð Flugvalla 1 megi nýta sem bílastæði samanber meðfylgjandi skýringarmynd.



Með vísan í ofangreint gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við að Icelandair verði veitt umbeðin lóðarstækkun.



# Hafnarfjörður

Athygli er vakin á því að uppfæra þarf deiliskipulag lóðarinnar ásamt mæliblaði.

Skipulagsfulltrúi leggur ríka áherslu á, að útfærsla og fyrirkomulag bílastæða taki mið af bæði ásýnd svæðisins og umhverfi.

Skipulagsfulltrúi.